

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur föstudaginn 27. október 2017 í máli nr. E-3734/2016:

A

(Ásmundur Jónsson hdl.)

gegn

B og

C

(Sonja H. Berndsen hdl.)

I.

Mál þetta sem höfðað var hinn 6. desember 2016, var dómtekið 4. október sl. Stefnandi er A til heimilis að [...] í Reykjavík, en stefndu eru B, [...], Reykjavík og C, [...], Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefndu verði dæmdir til að greiða honum óskipt 3.974.115 krónur með 4,5% vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 af 3.974.115 krónum, frá [...] 2012 til 8. júlí 2015, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda, auk greiðslu málskostnaðar.

II.

Í máli þessu er deilt um hvaða árslaunaviðmið skuli leggja til grundvallar útreikningi skaðabóta vegna varanlegrar örorku sem stefnandi hlaut í umferðarslysi [...] árið 2012. Tildrög umferðarslyssins voru með þeim hætti að bifreiðinni D var ekið inn í hlið bifreiðarinnar E sem stefnandi ók. Í læknaþréfi Slysadeildar eru sjúkdómsgreiningar vegna afleiðinga slyssins svofelldar: rifbrot, tognun, ofreynsla á brjósthrygg og tognun og ofreynsla á lendhrygg o.fl.

Rúmunum mánuði fyrir umferðarslysið eða [...], hafði stefnandi lent í vinnuslysi. Var stefnandi frá störfum af þeim sökum til [...] 2012. Hann mætti aftur til vinnu hinn [...] sama mánaðar og hafði tekið aftur við sínu fyrra starfi á sambýli fyrir fatlaða þegar hann lendir í umferðarslysinu [...] 2012.

Stefnandi gekkst undir mat á afleiðingum beggja slysanna hjá þeim F lækni og G hrl. Stóðu stefnandi og stefndi B. sameiginlega að öflun matsgerðarinnar vegna afleiðinga umferðarslyssins, en að matinu stóð einnig Reykjavíkurborg.

Í niðurstöðum matsgerðarinnar, sem dags. er 22. maí 2015, var meðal annars komist að þeirri niðurstöðu að varanlegur miski stefnanda vegna vinnuslyssins [...] væri 17 stig og varanleg örorka 30%. Samkomulag var um

bótauppgjör vegna vinnuslyssins. Er það því ekki til frekari umfjöllunar í máli þessu.

Niðurstaða matsins vegna umferðarslyssins [...] 2012, var sú að varanlegur miski stefnanda var talinn 20 stig og varanleg öroka 50%. Var það jafnframt niðurstaða matsmanna að stefnandi hefði ekki getað vænst frekari bata eftir [...] 2012.

Málsaðilar voru sammála um að leggja matsgerðina til grundvallar uppgjöri bóta, en ágreiningur þeirra lýtur að því hvaða tekjuviðmið beri að leggja til grundvallar útreikningi á varanlegri örorku stefnanda.

Á grundvelli matsgerðarinnar krafði stefnandi stefnda, B, um greiðslu bóta miðað við tekjur hans á árunum 2009-2011.

Stefndi, B, hafnaði kröfu stefnanda og taldi að óvenjulegar aðstæður væru fyrir hendi í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Segir nánar í tölvuskeyti tryggingafélagsins til stefnanda að þar sem stefnandi hafi lent í vinnuslysi á árinu fyrir umferðarslysið, telji félagið rétt að skerða viðmiðunarlaun hans um 30% sem svari til varanlegrar örorku hans eftir vinnuslysið [...].

Ekki náðist samkomulag um bótauppgjörið og fékk stefnandi greiddar bætur vegna afleiðinga umferðarslyssins úr lögboðinni ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar D hjá stefnda, B, þar sem viðmiðunarlaun voru færð niður um 30% vegna varanlegrar örorku.

Stefnandi gaf skýrslu fyrir dóminum. Tók hann m.a. fram að hann hefði verið frá vinnu í kjölfar vinnuslyssins í um þrjár vikur. Í fyrra slysinu hafi hann tognað á baki og hafi það tekið hann um 2-3 vikur að komast á réttan kjöl. Hann hafi talið sig vinnufæran og hafi hann sinnt öllum sínum vinnuskyldum þegar hann kom aftur til starfa. Vinnuhlutfall hans hafi ekki verið skert þegar hann kom aftur til vinnu og það hafi heldur ekki staðið til í hans huga. Hann hafi ekki reiknaði með öðru eftir fyrra slysið en að hann yrði með tímanum hress. Hann sinnti öllum sínum vinnuskyldum þegar hann kom til baka, en eftir bílslysið hafi líf hans alveg breyst og hann sé skráður öryrki í dag.

III.

1. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi telur að við útreikning bóta fyrir varanlega örorku sem hann hlaut í umferðarslysinu [...] 2012, beri að styðjast við meginreglu 1. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993, þ.e. miða við meðaltekjur hans síðustu þrjú almanaksár fyrir slysdag að viðbættu 11,5% framlagi vinnuveitanda í lífeyrissjóð.

Stefnandi hafnar því að óvenjulegar aðstæður í skilningi 2. mgr. 7. gr. laganna hafi verið fyrir hendi áður en hann lenti í umferðarslysinu. Stefnandi hafi

markað sér ákveðinn starfsvettvang og að hann hafi haft fulla starfsorku fram að slysinu. Ekkert hafi bent til annars en að hann héldi starfi sínu áfram. Stuttur tími hafi liðið á milli slysanna eða rúmur mánuður og hafi hann verið byrjaður að vinna aftur eftir vinnuslysið þegar hann lenti í umferðarslysinu. Þannig hafi ekki verið útséð um að hann gæti haldið fullri starfsgetu þegar hann varð fyrir seinna slysinu. Telur stefnandi að ekki verði séð hvernig umrædd meðallaun gefi ekki rétta mynd af þeim framtíðartekjum sem hann hefði haft ef hann hefði ekki orðið fyrir slysinu.

Stefnandi sundurliðar dómkröfu sínar svo:

Varanleg örorka samkvæmt 5. gr. (50%)	13.247.045 krónur
<i>Árslaun $4.916.328 \times 5,389 \times 50\%$</i>	
<i>Eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris (40%)</i>	1.702.934 krónur
<i>Innborgun stefnda</i>	7.569.996 krónur
Heildarbætur	3.974.115 krónur

Stefnandi gerir kröfu um greiðslu 4,5% vaxta samkvæmt 16. gr. laga nr. 50/1993 af 3.974.115 krónum frá batahvörfum [...] 2012 til 8. júlí 2015, eða mánuði eftir dagsetningu kröfubréfs, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

2. Helstu málsástæður og lagarök stefndu

Stefndu telja að stefnandi hafi fengið tjón sitt bætt vegna varanlegrar örorku úr hendi stefndu.

Stefndu telja að sérstakar aðstæður séu fyrir hendi í skilningi 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993, þannig að viðmiðunartekjur stefnanda þremur árum fyrir umferðarslysið séu ekki réttur mælikvarði á framtíðartekjur hans.

Stefndu taka fram að stefnandi hafi orðið fyrir vinnuslysi [...] og hafi verið metinn til 30% varanlegrar örorku vegna slyssins. Engin reynsla hafi verið komin á vinnugetu stefnanda eftir það slys, þegar hann lenti í umferðarslysi hinn [...] 2012. Því séu fyrir hendi óvenjulegar aðstæður á viðmiðunartímabilinu, þremur árum fyrir slysið, þar sem stefnandi hafi verið metinn til hárrar varanlegrar örorku vegna vinnuslyss sem hann varð fyrir eftir að viðmiðunartímabilið var liðið. Telja stefndu að af þessum sökum geti stefnandi ekki krafist þess að full meðallaun hans þremur árum fyrir slysið verði lögð til grundvallar útreikningi á varnalegri örorku hans, þegar hann var með fulla og óskerta vinnugetu. Óvenjulegar aðstæður í lífi stefnanda vegna vinnuslyssins leiði til þess að þær viðmiðunartekjur séu ekki réttur mælikvarði á líklegar framtíðartekjur hans, þegar það liggja fyrir að stefnandi hafi

aðeins verið með 70% vinnugetu þegar hann lenti í umferðarslysinu. Matsmenn hafi metið afleiðingar vinnuslyssins á heilsufar stefnanda til 30% varanlegrar örorku. Telja stefndu með vísan til þess að tekjur stefnanda eins og þær voru þremur árum fyrir slysið, að teknu tilliti til 30% skerðingar á viðmiðunartekjum vegna fyrra heilsufars hans, séu réttari mælikvarði á líklegar framtíðartekjur hans. Telja stefndu að verði fallist á túlkun stefnanda þá fái stefnandi tjón sitt vegna varanlegrar örorku tvíbætt, annars vegar úr hendi stefndu og hins vegar frá Reykjavíkurborg. Slík niðurstaða sé í andstöðu við sjónarmið skaðabótareglna um að gera tjónþola eins settan fjárhagslega og ef tjónið hefði ekki orðið, en ekki betur settan.

Stefndi mótmælir upphafstíma dráttarvaxta, þar sem ekki hafi legið fyrir upplýsingar frá lífeyrissjóði og að beðið hafi verið eftir útreikningi tryggingastærðfræðings á eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris frá lífeyrissjóði, sem draga skyldi frá bótakröfunni, sbr. 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þeirra gagna aflaði lögmaður stefnanda og hafi upplýsingarnar fyrst legið fyrir 20. nóvember 2015. Þá fyrst hafi legið fyrir upplýsingar sem þörf hafi verið á til að meta fjárhæð bóta í skilningi 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og beri því að miða upphafstíma dráttarvaxta í fyrsta lagi við 20. desember 2015, þegar mánuður var liðinn frá því að gögnin bárust stefnda.

IV.

Ágreiningsefni málsins lýtur að því hvaða árslaunaviðmið skuli leggja til grundvallar útreikningi skaðabóta vegna varanlegrar örorku sem stefnandi hlaut í umferðarslysi [...] 2012. Stefnandi telur að miða beri við árslaun hans óskert eins og þau voru þrjú síðustu almanaksárin fyrir þann dag er tjón varð, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993. Stefndu telja að lækka beri viðmiðunartekjur um 30%, vegna varanlegrar örorku sem stefnandi hlaut í kjölfar vinnuslyss sem hann varð fyrir í lok [...], eða rúmum mánuði áður en hann varð fyrir umferðarslysinu, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993.

Ágreiningur aðila snýst því um það hvort fyrra tjónsatvik, sem metið var til 30% varanlegrar örorku stefnanda, hafi haft slík áhrif á getu stefnanda til að afla launatekna í framtíðinni að skerða beri árslaun hans á viðmiðunartímabilinu um 30% vegna síðara slyssins. Fram er komið að stefnandi var kominn aftur til vinnu þegar hann lenti í síðara slysinu. Bar stefnandi, m.a. fyrir dóminum að hann hefði talið sig vinnufæran eftir fyrra slysið og að hann hefði sinnt öllum sínum vinnuskyldum þegar hann kom til baka úr veikindaleyfi. Vinnuhlutfall hans hafi með öðrum orðum ekki verið skert og það hafi heldur ekki staðið til í hans huga. Hann hafi ekki reiknaði með öðru en að hann yrði með tímanum hress eftir fyrra slysið.

Eins og áður greinir styðst mat á varanlegri örorku stefnanda við matsgerð sem málsaðilar öfluðu sameiginlega. Á þeim tíma sem stefnandi lenti í umferðarslysinu lá ekki fyrir hvaða áhrif fyrra slysið hefði á tekjuöflunarmöguleika hans til framtíðar. Það lá þó ljóst fyrir að stefnandi hygðist halda áfram því starfi sem hann hafði gegnt um árabíl og var kominn aftur til óskertrar vinnu þegar hann lenti í umferðarslysinu. Í ljósi þessa telur dómurinn ekki hægt að fullyrða og því sé ósannað að vinnuslys stefnanda í [...] hafi skert atvinnutekjur hans til framtíðar um 30%. Að þessu virtu verður að telja að tekjur stefnanda síðustu þrjú ár fyrir slys gefi réttasta mynd af aflahæfi stefnanda á tjónsdegi.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, skulu skaðabótakröfur bera dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. að liðnum mánuði frá þeim degi er kröfuhafi sannanlega lagði fram þær upplýsingar sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta. Þann 20. nóvember 2015, sendi stefnandi stefndu upplýsingar um útreikning tryggingastærðfræðings á eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris frá lífeyrissjóði, sem draga skyldi frá bótakröfunni. Með vísan til þess er kröfu stefnanda um upphafstíma dráttarvaxta hafnað.

Samkvæmt framansögðu eru stefndu dæmdir til að greiða stefnanda óskipt 3.974.115 krónur með 4,5% vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 af 3.974.115 krónum, frá [...] 2012 til 20. desember 2015, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Innanríkisráðuneytið veitti stefnanda gjafsóknarleyfi [...] 2016. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist því úr ríkissjóði, þ.m.t. þóknun lögmanns hans, 900.000 krónur.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

DÓMSORD:

Stefndu, B og C, ber að greiða stefnanda, A, óskipt 3.974.115 krónur með 4,5% vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 af 3.974.115 krónum frá [...] 2012 til 20. desember 2015, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.

Málkostnaður milli aðila fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þ.m.t. þóknun lögmanns hans, 900.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Ragnheiður Snorradóttir (sign.)

